

Marðareyri ehf.
Oddur Pétursson og Gunnar Pétursson
Seljalandsvegur 38
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Ísafjörður 6. mars 2015
UST201502-363/J.B.

Efni: Hornstrandir – Móar, Hesteyri, endurbygging.

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Marðareyrar ehf., dagsett 25. febrúar 2015, þar sem óskað er eftir leyfi Umhverfisstofnunar til þess að endurbyggja húsið Mó á Hesteyri í Hornstrandafriðlandinu.

Lýsing framkvæmdar

Fram kemur í umsókn að húsið að Mó verður endurbyggt í sem upprunalegastri mynd. Húsið verður þó hækkað og grunnflötur þess stækkaður. Öllum formum og hlutföllum núverandi byggingar verður haldið. Ætlunin er að framkvæmdin eigi sér stað sumarið 2015. Engin mannvirki verða sett sérstaklega upp vegna framkvæmdanna. Salernisaðstaða er í núverandi húsi og er þar rotþró og siturlögn (30m) sem verður notuð áfram.

Áhrifamat

Húsið er hluti af Hesteyrarþorpinu. Þrátt fyrir lítilsháttar stækkun hússins er ekki talið að það muni breyta ásýnd þorpsins eða rýra verndargildi náttúru- eða menningarminja í friðlandinu. Ekkert rask mun fylgja framkvæmdinni, allt smíðaeefni verður handborið á staðinn og vinnuvélar ekki notaðar. Þ.a.l. er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin komi ekki til með að rýra verndargildi Hornstrandafriðlandsins.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til umræddrar endurbyggingar. Jafnframt setur stofnunin eftirfarandi skilyrði:

- Sérfræðingur friðlandsins verður látin vita af stöðu framkvæmdar, hvenær hún hefst og verkáætlun þegar hún liggur fyrir.
- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algjöru lágmarki.
- Sérfræðingur Friðlandsins mun hafa eftirlit með því að framkvæmdin stríði ekki gegn ákvæðum friðlýsingar og með frágangi svæðisins að henni lokinni.

Virðingarfyllt

Jón Björnsson
Sérfræðingur

Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri